Ef $E_t^k(x)$ er fólksfjöldi undir váhrifum fyrir kyn k , ár t og aldur x og $P_t^k(x)$ er fólksfjöldi í byrjun árs t má áætla fólksfjölda undir váhrifum með

$$E_t^k(x) \approx \frac{P_t^k(x) + P_{t+1}^k(x)}{2},$$

þ.e. með meðaltali fólksfjölda í byrjun árs og byrjun næsta árs á eftir.

Þar sem aldursskipting inntaksgagna fyrir mannföldalíkan Bygðastofnunar er bundin við aldurinn frá 0 upp í 100 ára var 100 ára flokkurinn gerður að safnflokki, 100⁺, fyrir mannfjölda í upphafi spátímabilsins 2017 og þessi aldursskipting einnig notuð yfir spátímabilið frá 2018 til 2066.

4 Mannfjöldaspá

Í þessum kafla verður fjallað um spágildi mannfjöldalíkans Byggðastofnunar. Mannfjöldalíkanið meðhöndlar frjósemishlutfall, dánarhlutfall og búferlaflutninga á mjög svipaðan hátt eins og sjá má í töflu 4.1.

Ferli inntaksgagnanna í mannfjöldalíkaninu verður lýst hér fyrir neðan og gerð verður grein fyrir spágildum þeirra í undirköflum. Við umfjöllunina hér að neðan er talað um búferlaflutninga án þess að greina á milli búferlaflutninga milli svæða innanlands annars vegar og búferlaflutninga til og frá útlöndum hins vegar. Það ber hins vegar að hafa í huga að ávallt er gerður greinarmunur þarna á milli og því í raun um tvær mismunandi inntaksbreytur að ræða.

Inntaksgögnum er fyrst varpað með BoxCox vörpun (Box and Cox 1964) til að gera þau normleg (e. *normal*) og forðast að dreifni (e. *variance*) aukist með hækkandi gildi. Mismunandi gildi á λ stika (e. *parameter*) BoxCox vörpunarinnar er notað fyrir inntaksgögnin þar sem þau fylgja ólíkri dreifingu en λ stikinn getur tekið gildin frá 0 upp í 1. Vegna þess að búferlaflutningagögnin eru í einingu flutningsjöfnuðar, aðfluttir umfram brottflutta, og geta því tekið neikvætt gildi verður að nota $\lambda = 1$ og því um hliðrun að ræða sem ekki hefur áhrif á dreifnina. Vörpun dánarhlutfalls er jafngild log vörpun en frjósemishlutfalli er varpað með aðeins vægari hætti með gildi λ stikans 0,4. Inntaksgögnum er svo varpað til baka þegar þau eru notuð við útreikning á mannfjölda frá ári til árs.

Tafla 4.1 Ferli inntaksgagna í mannfjöldalíkani Byggðastofnunar.

Ferill	Frjósemishlutfall	Dánarhlutfall	Búferlaflutningar
BoxCox vörpun ⁶	$\lambda = 0,4$	$\lambda = 0$, jafngilt log vörpun.	$\lambda = 1$, jafngilt hliðrun um -1 .
Þjálgun	Vegið splæsifallsrefsiaðhvarf (e. <i>weighted penalised regression spline</i>) þvingað til að vera hvelft (e. <i>concave</i>) (He and Ng 1999).	Vegið splæsifallsrefsiaðhvarf þvingað til að vera vaxandi (e. <i>monotonic increasing</i>) eftir 65 ára aldur (Wood 2003, He and Ng 1999).	Staðbundið annars stigs aðhvarf (e. <i>localised quadratic regression</i> , LOESS) (Cleveland et al. 1991).
Grunnföll og stuðla-tímaraðir	Sex þverstöðluð grunnföll fundin og aðlöguð að gögnum með stuðla-tímaröðum – staðlaðri aðferð Ramsay and Dalzell (1991) beitt.	Kyn meðhöndluð saman með samehldnum (e. <i>coherent</i>) hætti (Hyndman et al. 2013).	Kyn og svæði, sem skilgreina stærri svæðiseiningu, meðhöndluð saman með samehldnum hætti.

⁶Box and Cox (1964).


Tafla 4.1 framhald. . .

Ferill	Frjósemishlutfall	Dánarhlutfall	Búferlaflutningar
Spágildi stuðla-tímaraða	ARIMA tímaraðalíkan – sjálfvirk aðhvarfsheilduð hlaupandi meðaltöl (e. <i>Auto Regressive Integrated Moving Averages</i>) (Box et al. 2015).		
Slembiúrtök inntaks-tímaraða	10.000 slembiúrtök reiknuð með því að bæta handahófskennt við þrenns konar skekkjuvöldum vegna: a) þjálgunarinnar, b) virkni grunnfalla og stuðlatímaraða og c) hluta fallarúmsins sem grunnföllin sex ná ekki að spanna.		
Skölun búferlaflutninga			10.000 slembiúrtök búferlaflutninga sköluð samkvæmt viðauka B
Óvissa inntaksgagna	Poison dreifing notuð til að bæta við frávikum frá meðaltali sem nálgun á óvissu (sjá kafla 1).		Handahófsúrtakanálgun (e. <i>bootstrapping</i>) beitt á áætlað frávik líkans frá gögnum.
Slembiúrtök mannfjöldaspár	10.000 slembiúrtök mannfjöldapróunar reiknuð frá einu ári til annars (e. <i>cohort-component method</i>) með því að sameina slembiúrtök inntakstímaraða og bæta handahófskenndri óvissu inntaksgagna við útreikning hvers árs.		

Eftir að inntaksgögnum hefur verið varpað með BoxCox vörpun eru þau þjálguð með aðferðum sem sjá má í töflu 4.1 áður en þeim er skipt upp í grunnföll og stuðlatímaraðir og spágildi fundin. Vísað er í heimildir og kafla 1 fyrir frekari lýsingu á mannfjöldalíkani.


4.1 Frjósemishlutfall

Samkvæmt gögnum um frjósemishlutfall (e. *age-specific fertility rate*) og spágildum þeirra, samkvæmt þeim aðferðum sem hér er beitt, má greina ákveðna breytingu í frjósemishlutfalli. Samkvæmt myndum 4.1(a) og 4.1(b) sést að á spátímabilinu munu konur



Þjálguð söguleg gögn eru grá og spágögn spanna frá rauðu, 2017, til fjólublás, 2065.

(a) Frjósemishlutfall eftir aldri móður – hver ferill er eitt ár.




Tímaraðir fyrir aldurinn 16, 20, 24, 28, 32, 36, 40 og 44 ára. Brotnar línur á spátímabili.

(b) Frjósemishlutfall eftir árum frá 1971 til 2065 fyrir nokkur aldursgildi.

Mynd 4.1 ÍSLAND. Frjósemishlutfall eftir aldri og eftir árum fyrir nokkur aldursgildi.

halda áfram að seinka barneignum. Einnig sýnir mynd 4.2 greinilega að heildarfrjósemishlutfall, eða meðalfjöldi barna á hverja konu, muni halda áfram að lækka þrátt fyrir lítilsháttar kipp í byrjun spátímabilsins.




Punktalína sýnir söguleg gögn og heil lína líkan. Skyggt svæði sýnir 80% spábil frá 2017 til 2065.

Mynd 4.2 ÍSLAND. Heildarfrjósemishlutfall eftir árum, þ.e. tímaröð fyrir meðalfjölda barna á hverja konu. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.


4.2 Dánarhlutfall

Spágildi dánarhlutfalls eftir aldri samkvæmt mynd 4.3 gefur til kynna lækkandi hlutfall fyrir alla aldurshópa undir níræðu. Dánarhlutfallið virðist líka lækka mest fyrir yngstu aldurshópna en minna með hækkandi aldri samkvæmt mynd 4.4. Áberandi er hvað dánarhlutfall stúlkna er lægra en drengja í kringum tvítugt og helst það þannig yfir spátímabilið en dánarhlutfall stúlkna er einnig mun lægra fyrir yngri aldurshópa.



Gráar línur sýna söguleg þjálguð gögn og spágögn eru lituð eftir tíma frá rauðu, 2017, til fjólublás, 2065.


(a) Dánarhlutfall kvenna.



Gráar línur sýna söguleg þjálguð gögn og spágögn eru lituð eftir tíma frá rauðu, 2017, til fjólublás, 2065.


(b) Dánarhlutfall karla.

Mynd 4.3 ÍSLAND. Dánarhlutfall eftir aldri frá 1971 til 2065 fyrir aldurinn 0 til 100 ára – hver ferill er eitt ár.



Tímaraðir fyrir aldurinn 0, 10, 20, 30, 40, 50, 60, 70, 80, 90 og 100 ára. Brotnar línur á spátímabili.

(a) Dánarhlutfall kvenna.




Tímaraðir fyrir aldurinn 0, 10, 20, 30, 40, 50, 60, 70, 80, 90 og 100 ára. Brotnar línur á spátímabili.

(b) Dánarhlutfall karla.

Mynd 4.4 ÍSLAND. Dánarhlutfall eftir árum frá 1971 til 2065 fyrir nokkur aldursgildi.

Lífslengdarlíkur við fæðingu halda áfram að hækka samkvæmt mynd 4.5 fyrir bæði kyn en það dregur þó saman með konum og körlum á tímabilinu. Lífslengdarlíkur karla hækka aðeins hraðar þó það hægist á hraða hækkunar lífslengdarlíka beggja kynja fyrir spátímabilið.



Skyggt svæði sýnir 80% spábil yfir spátímabilið 2017-2065.

Mynd 4.5 ÍSLAND. Lífslengdarlíkur karla og kvenna frá 1971 til 2065. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.

4.3 Búferlaflutningar

Búferlaflutninga er mjög erfitt að spá fyrir um þar sem oft er lítil fylgni milli ára og mikill breytileiki. Engu að síður er oft hægt að sjá munstur hvað varðar búferlaflutninga milli svæða innanlands, sérstaklega fyrir stærri svæðin sem byggja á búferlaflutningum fleiri einstaklinga. Eins og lýst er í kafla 1 og viðauka B er því farin sú leið að spá fyrir um búferlaflutninga stærri svæða fyrst og krefjast þess að heildarbúferlaflutningar fyrir uppskiptingar þeirra í minni svæði sé varðveitt stærð. Þannig eru spágildi búferlaflutninga landshluta skalaðir svo að summa þeirra stemmi við landið allt. Á hliðstæðan hátt eru atvinnugreinasvæðin meðhöndluð m.t.t. landshluta og sveitarfélögin m.t.t. atvinnugreinasvæða (sjá skilgreiningar á spásvæðum í kafla 2).


Ákveðið var að nota ekki búferlaflutningagögn frá og með 2004 til og með 2009 ásamt árinu 2016 þar sem þessi ár eru ekki talin dæmigerð m.t.t. búferlaflutninga. Það getur skekkt mjög spágildi búferlaflutninga ef að baki liggja gögn á miklum þenslutímum þegar innflutningur fólks til landsins er mikill eða á tíma eins og eftir efnahagshrunið 2008 þegar straumur fólks liggur úr landi. Einfaldasta leiðin er að sleppa þessum árum og er sú leið farin hér.

Búferlaflutninga eftir aldri fyrir Ísland má sjá á mynd 4.6 og er meðaltal sýnt yfir spátímabilið. Eining búferlaflutninga er flutningsjöfnuður, þ.e. aðfluttir umfram brottflutta,

og tekur því neikvæð gildi ef fleiri flytja frá viðkomandi svæði en flytja til þess. Myndin sýnir fylki níu grafa sem gefa upplýsingar um kynjaskipta búferlaflutninga innan- og utanlands ásamt heildarbúferlaflutningum og summu beggja kynja.


Mynd 4.7 sýnir samskonar fylki af gröfum fyrir Ísland þar sem búið er að leggja saman búferlaflutninga allra aldurshópa fyrir hvert ár auk þess sem sýnt er 80% spábil yfir spátímabilið.

Sjá má samskonar myndir fyrir búferlaflutninga allra spásvæða í viðaukum G til J.



Gráar línur sýna söguleg þjáguð gögn og spágögn eru lituð eftir tíma frá rauðu, 2017, til fjólublás, 2065.

Mynd 4.6 ÍSLAND. Búferlaflutningar frá 1986 til 2065 fyrir aldurinn 0 til 100 ára – hver ferill er eitt ár. Meðaltal yfir spátímabil byggir á 10.000 slembiúrtökum.




Árunum frá og með 2004 til og með 2009 ásamt 2016 sleppt. Meðaltal og 80% spábil sýnt á spátímabili.

Mynd 4.7 ÍSLAND. Samanlagðir búferlaflutningar allra aldurshópa eftir árum frá 1986 til 2065. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.

4.4 Mannfjöldi

Þó að ekkert sé því til fyrirstöðu að nota mannfjöldalíkan Byggðastofnunar til að spá fyrir um mannfjölda stærri og minni svæða á Íslandi hefur sú leið verið valin að leggja frekar opinbera miðspá mannfjöldalíkans Hagstofu Íslands fyrir allt landið til grundvallar. Mannfjöldaspá Byggðastofnunar fyrir minni svæði á Íslandi er því sköluð við miðspá Hagstofu Íslands til að tryggja að heildarmannfjöldi minni svæða jafnist á við spá Hagstofu Íslands. Aðferðinni sem notuð er við skölunina er lýst í viðauka A. Mannfjöldaspár Byggðastofnunar og Hagstofu Íslands fyrir allt Ísland eru bornar saman í kafla 5.

Það sem aðgreinir mismunandi spásvæði mannfjöldalíkans Byggðastofnunar eru búferlaflutningar og upphafsskilyrði, sem aldursdreifing í upphafi spátímabilsins skilgreinir, því sama dánar- og frjósemishlutfall er notað fyrir öll spásvæðin. Heilt yfir eru áberandi búferlaflutningar ungs fólks um tvítugt utan af landi á höfuðborgarsvæðið þar sem konur eru greinilega í meirihluta. Þetta fólk virðist ekki skila sér mikið til baka. Þetta veldur því að það fækkar í árgöngum ungs fólks á landsbyggðinni sem aftur dregur úr barnsfæðingum seinna meir. Að sama skapi fjölga í árgöngum ungs fólks á höfuðborgarsvæðinu sem stuðlar að auknum barnsfæðingum þegar fram í sækir. Þetta, ásamt hækkandi meðalaldri og lækkandi frjósemishlutfalli, virðast vera stóru línurnar í mannfjöldaþróun á Íslandi. Samkvæmt mannfjöldaspá Byggðastofnunar eru afleiðingarnar þær að fólki heldur áfram að fjölga á höfuðborgarsvæðinu á kostnað landsbyggðarinnar þar sem fólksfækkun er víða viðvarandi.




Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og grúa línan sýnir árið 2017.

Mynd 4.8 ÍSLAND. Mannfjöldapírámíði ársins 2030. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.

Mynd 4.8 sýnir mannfjöldapíramíða fyrir árið 2030 samkvæmt mannfjöldaspá Bygðastofnunar sem hefur verið sköluð við miðspá Hagstofu Íslands. Myndin sýnir meðaltal 10.000 slembiúrtaka kynjaskipts mannfjölda eftir aldri ásamt 80% spábili og upphafsskilyrðum. Mynd 4.9 sýnir kynjaskiptan mannfjölda hvers árs þar sem meðaltal ásamt 80% spábili er sýnt yfir spátímabilið frá 2018 til 2066.

Sjá má samskonar myndir fyrir mannfjöldapróun allra spásvæða í viðaukum C til F.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.

Mynd 4.9 ÍSLAND. Heildarfjöldi karla og kvenna frá 1971 til 2066 – gráar þverlínur sýndar fyrir árin 2017 og 2030. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.

5 Samanburður við mannfjöldaspá Hagstofunnar

Hagstofa Íslands gefur út mannfjöldaspá með þremur mismunandi forsendum sem nefnast *lágspá*, *miðspá* og *háspá* (Calian and Harðarson 2017). Mannfjöldalíkan Byggðastofnunar er hins vegar slémbilíkan sem byggir á 10.000 slémbiúrtökum sem gefur meðaltal ásamt 80% spábili. Sjá má samanburð þessara mannfjöldaspáa í töflu 5.1 fyrir gildi nokkurra þátta í lok spátímabilsins.

Tafla 5.1 Samanburður á mannfjöldaspá Hagstofu Íslands og Byggðastofnunar í lok spátímabils.

Samanburðarbreytur	Hagstofa Íslands			Byggðastofnun		
	Lágspá	Miðspá	Háspá	Hlutfalls- mörk 10%	Meðaltal	Hlutfalls- mörk 90%
Mannfjöldi [þúsund]*	367	452	531	315	352	392
Lífslengdarlíkur kvenna við fæðingu [ár]**	88,6	88,6	88,6	86,8	87,7	88,5
Lífslengdarlíkur karla við fæðingu [ár]**	84,4	84,4	84,4	83,9	85,1	86,0
Hlutfall íbúa sem er eldri en 65 ára [%]*	29	26	24	28,8	27,4	26,2
Börn fædd á hverja konu [meðalfjöldi]**	1,6	1,8	2,0	1,31	1,50	1,74
Flutningsjöfnuður við útlönd [fjöldi]**	-400	0	400	-1.500	160	1.810


* miðað við 1. janúar 2066.

** miðað við árið 2065.

Mynd 5.1(a) sýnir mannfjöldapíramíða ársins 2030 fyrir mannfjöldaspá Byggðastofnunar og miðspá Hagstofunnar og á mynd 5.1(b) má sjá samanburð fyrir kynjaskiptan mannfjölda eftir árum. Þessar myndir sýna áberandi meiri innflutning fólks hjá mannfjöldaspá Hagstofunnar, sérstaklega karla í kringum þrítugt. Það sést á mynd 5.1(a) sem hröð fjölgun karla í upphafi spátímabilsins ásamt töluverðum kipp í fjölgun kvenna. Þetta er einnig vel greinanlegt á mannfjöldapíramíðanum, mynd 5.1(a), sem hliðrun á línunum mannfjöldaspár Hagstofunnar í átt til meiri fjölda.


Einnig kemur lægra frjósemishlutfall í spá Byggðastofnunar skýrt fram. Á meðan mannfjöldi samkvæmt spá Hagstofunnar heldur áfram að aukast út spátímabilið nær fólksfjöldi mannfjöldalíkans Byggðastofnunar ákveðnu hámarki um mitt spátímabilið og fer lækkandi eftir það.

Á meðan lífslengdarlíkur karla í spá Hagstofunnar í lok spátímabilsins eru nær 10% hlutfallsmörkunum en meðaltali í mannfjöldaspá Byggðastofnunar er öfugt farið með lífslengdarlíkur kvenna, sem eru örlítið hærri hjá Hagstofunni en 90% hlutfallsmörk mann-



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017. Ljósari línur sýna miðspá Hagstofu Íslands.

(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið. Ljósari línur sýna miðspá Hagstofu Íslands.

(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsár spátímabilsins 2017 og árið 2030

Mynd 5.1 ÍSLAND. Samanburður á mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (miðspá) og Byggðastofnunar. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1971 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.

fjöldaspár Byggðastofnunar. Þessi munur kemur fram sem meiri fjöldi kvenna yfir áttætt í lok spátímabilsins í mannfjöldaspá Hagstofunnar á meðan lítill munur er á spánum fyrir fjölda karla á sama aldursbili. Báðar spárnar gefa til kynna að hlutfall fólks eldra en 65 ára aukist yfir spátímabilið, sem er 13,0% í byrjun spátímabilsins árið 2017.

Mannfjöldaspá Byggðastofnunar gerir ráð fyrir verulega meiri mun í búferlaflutningi fólks til og frá landinu. Lágspá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að það fækki um 400 á ári í lok spátímabilsins og háspáin að það aukist um 400 á meðan búferlaflutningar mannfjöldaspár Byggðastofnunar ná frá fækkun upp á 1.500 upp í fjölgun um rúm 1.800 á ári miðað við 80% spábil.

Að öllu samanlögðu gefur mannfjöldaspá Hagstofunnar mun meiri fólksfjölgun miðað við spá Byggðastofnunar. Lágspá Hagstofunnar er mitt á milli meðaltals og 90% hlutfallsmarka spár Byggðastofnunar og miðspá og háspá Hagstofunnar þar talsvert fyrir ofan. Þessi munur liggur fyrst og fremst í talsverðum muni á frjósemishlutfalli milli þessara tveggja mannfjöldaspáa. Ef horft er á meðaltal barna á hverja konu, heildarfrjósemishlutfall, í lok spátímabilsins sést að lággildi í spá Hagstofunnar liggur á milli meðaltals og 80% hlutfallsmarka í spá Byggðastofnunar. Líka má benda á mikinn innflutning fólks í byrjun spátímabils í mannfjöldaspá Hagstofunnar sem stuðlar einnig að auknum mun milli spánna.

Hafa ber í huga að aðferðafræði mannfjöldaspár Byggðastofnunar veltur á því að *fram haldi sem horfir*, þ.e. mannfjöldaspáin notar hlutlægar aðferðir sem byggja eingöngu á sögulegum gögnum. Ef það er ekki rétt að fram haldi sem horfir m.t.t. dánar- og frjósemishlutfalls ásamt búferlaflutningum, verður að taka mannfjöldaspá Byggðastofnunar með fyrirvara. Þó að samanburður mannfjöldaspár Hagstofunnar og Byggðastofnunar sé mjög athyglisverður og dragi m.a. fram hversu ólíkar niðurstöður er hægt að fá þegar forsendur eru frábrugðnar, hefur það aðeins óbeint áhrif á niðurstöðurnar eins og þær er hér settar fram með því að skala mannfjöldaspá Byggðastofnunar fyrir minni svæði við miðspá Hagstofunnar.

6 Niðurstöður

Hér hefur verið reynt að brjóta miðspá mannfjöldalíkans Hagstofunnar niður á landshluta, atvinnugreinasvæði og sveitarfélög. Til þess var þróað mannfjöldalíkan Byggðastofnunar, sem er slembilíkan og notar frjósemis- og dánarhlutfall ásamt búferlaflutningum fyrir inntaksgögn sem öll eru fengin frá Hagstofu Íslands. Þetta líkan notast við hlutlægar aðferðir og byggir eingöngu á sögulegum gögnum, þ.e. engar forsendur eru fyrirfram gefnar og hvergi er notast við *sérfræðialit*. Mannfjöldalíkan Byggðastofnunar byggir því á því „að fram haldi sem horfir“. Niðurstöður mannfjöldaspárinnar eru settar fram sem meðaltal og 80% spábil 10.000 slembiúrtaka mannfjöldalíkansins og skalað við miðspá Hagstofunnar.

Þó samanburður mannfjöldaspár Byggðastofnunar og Hagstofunnar fyrir allt Ísland sýni fram á töluvert mismunandi mannfjölda hefur það aðeins óbein áhrif á niðurstöðurnar sem hér eru settar fram vegna þess að mannfjöldaspá Byggðastofnunar er einungis notuð í þeim tilgangi að skipta miðspá Hagstofunnar upp á milli svæða.

Nauðsynlegt er að láta spátímabilið vera nógu langt, því eins og Calian and Hardarson (2017) hafa bent á, þróað lýðfræðilegar breytingar hægt og varanleg áhrif eru eingöngu merkjanleg á nokkrum áratugum. Hér er því sama spátímabil notað og hjá Hagstofunni eða 49 ár, frá 2018 til 2066.

Vegna óvenjulegs ástands voru búferlaflutningagögn frá og með 2004 til og með 2009 ásamt árinu 2016 ekki notuð við mannfjöldaspána til að forðast vandamál í mannfjöldaspárlíkaninu. Mjög erfitt er að áætla búferlaflutninga milli svæða innanlands og til útlanda því mikill breytileiki er í búferlaflutningum frá ári til árs og fylgni milli ára mjög lítil. Þó má merkja munstur í búferlaflutningum eftir aldri milli svæða innanlands þar sem stóru línurnar eru þær að ungt fólk um og upp úr tvítugu flytur búferlum af landsbyggðinni á höfuðborgarsvæðið og eru þar konur í meirihluta. Myndrænar framsetningar búferlaflutninga má sjá í viðaukum G til J.

Niðurstöður mannfjöldaspár Byggðastofnunar fyrir landshluta, atvinnugreinasvæði og sveitarfélög, sem hér eru settar fram og hægt að skoða myndrænt í viðaukum C til F, gefa til kynna að fólki heldur áfram að fjölga á höfuðborgarsvæðinu með stöðugri fækkun víða á landsbyggðinni. Hafa ber í huga að óvissa þessarar mannfjöldaspár er töluverð og þó að hún geti gefið þokkalega mynd af mannfjöldaþróun til skemmri tíma, t.d. 15 ára, verður að taka niðurstöðum til lengri tíma með fyrirvara.

Við gerð mannfjöldaspárinnar er ekki tekið tillit til eftirspurnar fólks á svæðum sem kann að myndast við fólksfækkun undir ákveðnum þröskuldum og gæti verið mætt með innflutningi fólks erlendis frá og ekkert tillit er tekið til mettunar byggingarlands eða annarra þátta er kunna að varða mannfjöldaþróun ýmissa svæða. Loks er rétt að benda á að stjórnvaldsákvæðanir, samgöngubætur eða náttúruhamfarir geta haft töluverð áhrif á þróun mannfjölda á áhrifasvæði.

Líta verður á þetta sem fyrstu tilraun Byggðastofnunar til að þróa mannfjöldalíkan sem spáir fyrir um mannfjölda niður á sveitarfélög. Eflaust á eftir að uppfæra og endurskoða mannfjöldalíkan Byggðastofnunar enn frekar á komandi árum því ábyggilegt er að margt er hægt að betrumbæta.

Heimildir

- Box, G. E. P. & Cox, D. R. (1964), ‘An analysis of transformations’, *Journal of the Royal Statistical Society. Series B (Methodological)* **26**(2), 211–252.
URL: <http://www.jstor.org/stable/2984418>
- Box, G. E. P., Jenkins, G. M., Reinsel, G. C. & Ljung, G. M. (2015), *Time Series Analysis: Forecasting and Control*, Wiley Series in Probability and Statistics, 5 edn, Wiley, chapter 4 Linear nonstationary models, pp. 88–105.
URL: <https://www.wiley.com/en-us/Time+Series+Analysis%3A+Forecasting+and+Control%2C+5th+Edition-p-9781118674918>
- Calian, V. & Harðarson, Ó. (2017), ‘Mannfjöldaspá 2017–2066 (e. Population projections 2017–2066)’, *Hagtíðindi (e. Statistical Series)* **102**(21), 1–12.
URL: https://hagstofa.is/media/50752/hag_171030.pdf
- Cleveland, W., Grosse, E. & Shyu, W. (1991), *Statistical Models in S*, Taylor & Francis, chapter 8 Local regression models, pp. 309–376.
URL: <https://books.google.is/books?id=IBkLQAAACAAJ>
- Hagstofa Íslands – Félagsmálasvið - Atvinna, lífskjör og mannfjöldi (2017), *Talnaefni – Íbúar*, Hagstofa Íslands, Reykjavík Iceland. Sótt 2017-11-11.
URL: <http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/>
- He, X. & Ng, P. (1999), ‘COBS: qualitatively constrained smoothing via linear programming’, *Computational Statistics* **14**(3), 315–337.
URL: <https://doi.org/10.1007/s001800050019>
- Hyndman, R. J. & Booth, H. (2008), ‘Stochastic population forecasts using functional data models for mortality, fertility and migration’, *International Journal of Forecasting* **24**(3), 323–342.
URL: <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0169207008000319>
- Hyndman, R. J., Booth, H. & Yasmeeen, F. (2013), ‘Coherent Mortality Forecasting: The Product-Ratio Method With Functional Time Series Models’, *Demography* **50**(1), 261–283.
URL: <https://doi.org/10.1007/s13524-012-0145-5>
- Hyndman, R. J. & Ullah, M. S. (2007), ‘Robust forecasting of mortality and fertility rates: A functional data approach’, *Computational Statistics & Data Analysis* **51**(10), 4942–4956.
URL: <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0167947306002453>
- Hyndman, R. J., with contributions from Sooth, H., Tickle, L. & Maindonald, J. (2017), *Demography: Forecasting Mortality, Fertility, Migration and Population Data*. R package version 1.20.
URL: <https://CRAN.R-project.org/package=demography>

- McNeil, D. R., Trullell, T. J. & Turner, J. C. (1977), ‘Spline interpolation of demographic data’, *Demography* **14**(2), 245–252.
URL: <https://doi.org/10.2307/2060581>
- R Core Team (2017), *R: A Language and Environment for Statistical Computing*, R Foundation for Statistical Computing, Vienna, Austria.
URL: <https://www.R-project.org/>
- Ramsay, J. O. & Dalzell, C. J. (1991), ‘Some tools for functional data analysis’, *Journal of the Royal Statistical Society. Series B (Methodological)* **53**(3), 539–572.
URL: https://www.researchgate.net/publication/238321578_Some_tools_for_functional_data_analysis
- Wilmoth, J. R., Andreev, K., Jdanov, D., Gleijeses, D. A., Boe, C., Bubenheim, M., Philipov, D., Shkolnikov, V. & Vachon, P. (2007), *Methods Protocol for the Human Mortality Database*, version 5 edn, University of California at Berkeley and the Max Planck Institute for Demographic Research, Rostock. 1 June 2017, Date last accessed.
URL: <http://www.mortality.org/Public/Docs/MethodsProtocol.pdf>
- Wood, S. N. (2003), ‘Thin plate regression splines’, *Journal of the Royal Statistical Society. Series B (Statistical Methodology)* **65**(1), 95–114.
URL: <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/1467-9868.00374/abstract>

A Skölun mannfjöldaspár

Eins og lýst er í kafla 1 gefur mannfjöldalíkan Byggðastofnunar mannfjöldaspá fyrir 110 mismunandi svæði á Íslandi sem skilgreind eru í kafla 2. Mannfjöldaspá þessara svæða er svo sköluð við miðspá mannfjöldalíkans Hagstofunnar fyrir allt Ísland til að tryggja samræmi á milli þeirra, þ.e. að tryggja að summa mannfjölda smærri svæða stemmi við spá Hagstofunnar fyrir allt Ísland. Skölnaraðferðinni verður nú lýst nánar.

Látum $S^N = \{s_1, s_2, \dots, s_N\}$ standa fyrir uppskiptingu Íslands í N svæði og $P_t^{s_i}(x)$ vera mannfjölda samkvæmt spá Byggðastofnunar fyrir ár t og aldur x á svæði $s_i \in S^N$ innan uppskiptingarinnar S^N þar sem i getur tekið gildin $1, 2, \dots, N$. Þá er skalaður mannfjöldi gefinn með

$$\tilde{P}_t^{s_i}(x) = P_t^{s_i}(x) \cdot \frac{P_t^H(x)}{\sum_{\sigma \in S^N} P_t^\sigma(x)} \quad \text{fyrir öll svæði } s_i \in S^N$$

þar sem $P_t^H(x)$ er mannfjöldi samkvæmt miðspá Hagstofunnar fyrir allt Ísland.

B Skölun búferlaflutninga

Eðlilegt er að krefjast þess að samræmi sé í búferlaflutningum milli mismunandi svæðauppskiptingar, eins og vikið var að í kafla 1, 2 og 4. Með samræmi er hér átt við að búferlaflutningar ákveðins svæðis eigi að vera óháðir svæðauppskiptingu, þ.e. sami flutningsjöfnuður (e. *net migration*) á að fylgja ákveðnu svæði hvernig sem því er skipt upp í smærri svæði. Til dæmis á flutningsjöfnuður fyrir landshlutann Suðurland að vera sá sami og samanlagður flutningsjöfnuður allra sveitarfélaga eða atvinnugreinasvæða innan þess landshluta.


Vegna þess að samræmi milli mismunandi svæðauppskiptingar er ekki tryggt með þeim aðferðum sem hér eru notaðar við útreikning spágilda fyrir búferlaflutninga var nauðsynlegt að leiðrétta fyrir þessu misræmi. Aðferðinni sem hér er notuð til að tryggja þetta samræmi verður nú nánar lýst.

Notum svipað ritunarkerfi og að ofan og látum $S^N = \{s_1, s_2, \dots, s_N\}$ standa fyrir uppskiptingu Íslands í N svæði, þar sem N getur getið gildin $\nu_0 = 1$, $\nu_1 = 8$, $\nu_2 = 27$ eða $\nu_3 = 74$ í samræmi við fjölda svæða í uppskiptingunni sem notuð er hér og lýst er í kafla 2. Látum $M_t^{s_i}(x)$ vera flutningsjöfnuð samkvæmt spá Byggðastofnunar fyrir ár t og aldur x á svæði $s_i \in S^{\nu_k}$ innan uppskiptingarinnar S^{ν_k} þar sem k getur tekið gildin $0, 1, 2$ eða 3 og i getur tekið gildin frá 1 upp í ν_k . Þá er leiðrétt gildi flutningsjöfnuðar – fyrir öll $s_i \in S^{\nu_k}$ með $s_j \in S^{\nu_{k-1}}$ þannig að s_i sé innan s_j – gefið með

$$\begin{aligned} \tilde{M}_t^{s_i}(x) &= M_t^{s_i}(x) + K_t^{s_j}(x) \cdot |M_t^{s_i}(x)| \\ &= M_t^{s_i}(x) + \left(\frac{\tilde{M}_t^{s_j}(x) - \sum_{\sigma \in S^{\nu_k} \text{ innan } s_j} M_t^\sigma(x)}{\sum_{\sigma \in S^{\nu_k} \text{ innan } s_j} |M_t^\sigma(x)|} \right) \cdot |M_t^{s_i}(x)| \end{aligned}$$


þar sem k tekur fyrst gildið 1 , svo 2 og loks 3 . Athugið að $\tilde{M}_t^{s_i \in S^{\nu_0}}(x) \equiv M_t^{s_i \in S^{\nu_0}}(x)$ með $i \in \{\nu_0\}$.

C Mannfjöldagröf – allt landið



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.

(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.




Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.

(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.


Mynd C.1 ÍSLAND. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1971 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.

D Mannfjöldagröf – landshlutar



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd D.1 HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd D.2 SUÐURNES. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd D.3 VESTURLAND. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd D.4 VESTFIRÐIR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd D.5 NORÐURLAND VESTRA. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd D.6 NORÐURLAND EYSTRÁ. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd D.7 AUSTURLAND. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.

(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.




Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.

(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.


Mynd D.8 SUÐURLAND. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.

E Mannfjöldagröf – atvinnugreinasvæði



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.1 REYKJAVÍKURBORG. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.2 KÓPAVOGSBÆR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línun sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.3 SELTJARNARNESKAUPSTAÐUR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.4 GARÐABÆR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.5 HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐUR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.6 MOSFELLSBÆR OG KJÓSARHREPPUR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.7 REYKJANESBÆR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.8 GRINDAVÍKURBÆR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.9 SANDGERÐISBÆR, GARÐUR OG VOGAR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.

(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.




Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.

(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.


Mynd E.10 AKRANESKAUPSTAÐUR OG HÍVALFJARÐARSVEIT.

Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.11 BORGARBYGGÐ, SKORRADALSHREPPUR OG DALABYGGÐ. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.12 SNÆFELLSNES. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.13 ÍSAFJARÐARBÆR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.14 VESTFIRÐIR ÁN ÍSAFJARÐARBÆJAR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.15 HÚNAVATNSSÝSLUR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.16 SKAGAFJARÐARSÝSLA. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.17 AKUREYRARKAUPSTAÐUR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.

(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.




Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.

(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.


Mynd E.18 EYJAFJÖRÐUR ÁN AKUREYRARKAUPSTAÐAR.

Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línun sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.19 ÞINGEYJARSÝSLUR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.20 AUSTURLAND NORÐUR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.21 AUSTURLAND SUÐUR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.22 SKAFTAFELLSSÝSLUR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.23 VESTMANNAEYJABÆR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.24 RANGÁRVALLASÝSLA. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.25 SVEITARFÉLAGIÐ ÁRBORG. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd E.26 ÁRNESSÝSLA ÁN ÁRBORGAR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.

(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.




Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.

(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.


Mynd E.27 HVERAGERÐISBÆR OG ÖLFUS. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.

F Mannfjöldagröf – sveitarfélög



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd F.1 REYKJAVÍKURBORG. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd F.2 KÓPAVOGSBÆR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd F.3 SELTJARNARNESKAUPSTAÐUR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd F.4 GARÐABÆR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd F.5 HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐUR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd F.6 MOSFELLSBÆR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



Skyggða svæðið sýnir 80% spábil og gráa línan sýnir árið 2017.


(a) Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030.



Brotnar línur sýna 80% spábil yfir spátímabilið.


(b) Heildarfjöldi karla og kvenna – gráar þverlínur sýndar við upphafsárið 2017 og árið 2030.

Mynd F.7 KJÓRARHREPPUR. Mannfjöldapíramíði fyrir árið 2030 og heildarfjöldi karla og kvenna frá 1998 til 2066. Meðaltal og 80% spábil yfir spátímabil byggja á 10.000 slembiúrtökum.



